Fundargerð

1221. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12, 31. maí 2019, kl. 08:00

Viðstaddir: Friðjón Einarsson, formaður, Guðbrandur Einarsson, Margrét A. Sanders, Gunnar Þórarinsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Ásbjörn Jónsson sviðsstjóri stjórnsýslusviðs og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

**1. Heimsmarkmið á Suðurnesjum (2019051904)**

Theodóra Þorsteinsdóttir verkefnastjóri Isavia mætti á fundinn og gerði grein fyrir málinu.

Bæjarráð samþykkir að taka þátt í verkefninu og greiða allt að kr. 3.166.100. Fjármunirnir eru teknir út af bókhaldslykil 21-011.

**2. Endurskoðun stjórnskipulags (2019050809)**

Róbert Ragnarsson ráðgjafi mætti á fundinn og gerði grein fyrir málinu.

Bæjarráð, sem stjórnskipulagsnefnd, samþykkir tillögu RR Ráðgjöf um nýtt skipurit Reykjanesbæjar og vísar henni til fyrri umræðu í bæjarstjórn 4. júní nk.Samþykkt með þremur atkvæðum meirihluta, Beinnar leiðar, Framsóknarflokks og Samfylkingar, Margrét A. Sanders Sjálfstæðisflokki greiddi atkvæði á móti og Gunnar Þórarinsson Frjálsu afli sat hjá.

**3. Helmingshlutur HSV Eignarhaldsfélags til sölu (2019051841)**

Þórbergur Guðjónsson og Lilja Gylfadóttir frá Arion banka mættu á fundinn og gerðu grein fyrir málinu. Bæjarráð samþykkir að gera ekki tilboð í hlut í HSV Eignarhaldsfélag slhf.

**4. Umsókn um stofnframlag 2019 - Skógarbraut 926 - 929 (2019050782)**

Bæjarráð hafnar erindinu.

**5. Slit á FORK sjóðnum (2019052687)**

Bæjarráð samþykkir drög að samkomulagi um slit á Fasteignasjóðnum ORK að fjárhæð kr. 4.068.820.749 sem rennur til Reykjanesbæjar og felur bæjarstjóra að skrifa undir samkomulagið.

**6. Tillaga að nýrri staðsetningu bæjarstjórnarfunda (2019051901)**

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að frá og með 20. ágúst 2019 verða fundir bæjarstjórnar framvegis í Hljómahöll í sal merktum Merkinesi.

**7. Beiðni um styrk frá Pólska skólanum (2019051900)**

Bæjarráð samþykkir að vísa þessu til fræðslusviðs.

**8. Kjaradeila Starfsgreinasambands Íslands og Eflingar við Samband íslenskra sveitarfélaga (2019052011)**

Lagt fram til kynningar.

**9. Íbúasamráðsverkefni (2019050827)**

Lagt fram til kynningar.

**10. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 22. maí 2019 (2019050798)**

Fundargerðir lagðar fram.

**11. Fundargerð Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja 24. maí 2019 (2019052010)**

Fundargerðir lagðar fram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30